

Foreldrarölt á Álftanesi

Foreldrafélag Álftanesskóla stendur fyrir foreldrarölti á Álftanesi í samvinnu við bekkjarfulltrúa í hverjum árgangi og hefur foreldraröltið átt fastan sess í starfi Foreldrafélagsins frá árinu 2008. Áætlun foreldrarölsins er kynnt á haustfundum Foreldrafélagsins með bekkjarfulltrúum og eru bekkjarfulltrúar ábyrgir fyrir að tryggja þátttöku foreldra í rölti vetrarins.

Skilar foreldrarölt árangri?

Rannsóknir hafa löngum sýnt að foreldrar eru mikilvægir í öllum forvörnum og þá er ekki síst samvera við foreldra talin hafa úrslitaáhrif á það hvort ungmenni leiðist út í neyslu áfengis og fíkniefna. Virkir og meðvitaðir foreldrar sem standa þétt að börnum sínum eru besta forvörnin. Ríkislögreglustjóri mælir eindregið með foreldrarölti og er foreldrarölt Foreldrafélagsins stór þáttur í forvarnarstarfi á Álftanesi. Máltækið „*það þarf heilt þorp til að ala upp eitt barn*“ á vel við því með samvinnu foreldra ávinnst margt.

Til hvers er foreldrarölt?

- Við sýnum samfélagslega ábyrgð og höfum áhrif á hverfisbraginn á Álftanesi með þátttöku í foreldrarölti. Við stuðlum að öruggu umhverfi þar sem markmið rölsins er að hafa fyrirbyggjandi áhrif og gefa skýr skilaboð um sterkt og virkt foreldrasamfélag.
- Við stuðlum að því að lögum um útivistartíma barna sé fylgt og að hópamyndanir á kvöldin eftir löglegan útivistartíma eigi sér ekki stað.
- Að gera vímuefnasölum erfiðara fyrir að fóta sig á Álftanesi.
- Foreldrarölt getur jafnframt dregið úr tíðni skemmdarverka og innbrota.

Hvernig fer foreldrarölt fram?

- Hver árgangur röltir einu sinni yfir veturinn. Hist er stundvíslega kl. 22:00 við Félagsmiðstöðina og varir röltið í um eina og hálfu klukkustund.
- Við eigum að vera 4-6 í hverju rölti en röltum þó einhvern vanti og látum veður ekki aftra okkur en metum það þó hverju sinni. Miðað er við að rölt sé um miðsvæðið, skólalóð, íþróttasvæði, leikskóla og hringur tekin um íbúahverfi en gönguleiðin er ekki niðurnjörvuð heldur ákveðin hverju sinni.
- Við eigum að sjást og því er gott að vera í endurskinsvestum foreldrarölsins.
- Við hringjum á lögreglu ef við verðum vitni að foreldralausu partý eða ef upp koma árekstrar, ofbeldi, slys, vímuefnaneysla og –sala eða annað sem krefst afskipta. Ekki er nauðsynlegt að foreldrar hafi bein afskipti af börnum/unglingum nema nauðsyn beri til. Gæta skal þess að nafngreina ekki einstaklinga né ræða málefni einstaklinga sem við mætum á foreldrarölti við óviðkomandi.

Hagnýtar upplýsingar

- Bekkjarfulltrúar eru ábyrgir fyrir að fá foreldra til þátttöku.
- Sækja þarf tösku foreldrarölsins til Margrétar ritara í Álftanesskóla. Skila þarf töskunni á mánudegi.
- Í tösku foreldrarölsins eru leiðbeiningar og kort sem og sími. Símanúmerið er 821-5463 (pin 3753 /puk 25764127).
- **NÝTT! Eftir röltið** er óskað eftir að þeir sem fara fyrir röltinu segi frá því hvernig röltið gekk og hvort það sé eitthvað sérstakt sem þau vilja koma á framfæri inn á facebook síðuna „Bekkjarfulltrúar í Álftanesskóla“ eða senda á netfang foreldrafélagsins foreldrafelag@alftanesskoli.is
- Umsjónarmenn foreldrarölsins innan Foreldrafélagsins veturinn 2017-18, eru Anna María Snorradóttir (s: 691-3152) og Berglind Birgisdóttir (s: 896-4242).
- **LÖGREGLAN 444-1000 / NEYÐARLÍNAN 112**